REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Kópanesgrunni.

1. gr.

Frá og með 7. apríl 1993 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði á Kópanesgrunni, Víkurál og Barðagrunni, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°50′ N – 24°50′ V
2. 66°25′ N – 24°35′ V
3. 66°25′ N – 25°00′ V
4. 66°00′ N – 25°35′ V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. apríl 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.